

hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, **101**
er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á 13. júní
skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðs, og um hve
langan tíma.

8. gr.

Skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt
3. grein, kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í
7. grein, á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu
effirlitsmanns og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönn-
um þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun,
skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðsins og um hve langan tíma
bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðu-
mönnum í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er
beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustu-
liði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það að synja þeim mönnum,
sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og
það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar greiðist að $\frac{3}{4}$ úr
ríkissjóði en að $\frac{1}{4}$ úr viðkomandi sveitarsjóði (eftir atvikum úr bæjarsjóði), að
því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá,
er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu
leyti einkennibúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu
löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkv. 5.
grein.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag skemmtun á samkomustað innan héraðs,
getur sýslumaður (bæjarfógeti) krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sveitarsjóðs
(bæjarsjóðs) af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni, og getur sýslumaður sett
það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940 um lögreglu-
menn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júní 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

102

16. júní

Frá og með 18. júní 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag,
á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

B 35